



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.06.19
Málalykil	0270
Mál nr.	1906384

Fjölskylduráð Garðabæjar
b.t. Hildigunnar Árnadóttir, forstöðumanns fjölskyldusviðs
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Akureyri, 18. júní 2019
1906043 KBR

Efni: Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga - beiðni um samstarf

Jafnréttisstofa hefur um árábil boðað til árlegra landsfunda um jafnréttismál sveitarfélaga í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög.

Jafnréttisstofa leitar nú til fjölskylduráðs Garðabæjar um samstarf um að halda næsta landsfund 4.-5. september næstkomandi. Dagsetningin er fundin í samstarfi við Sambandið með það í huga að tengja landsfundinn um jafnréttismál við aukalandsþing Sambandsins sem haldið verður 6. september.

Aðkoma þeirra sveitarfélaga sem eru samstarfsaðilar Jafnréttisstofu hverju sinni hefur verið með ýmsu móti. Oftast þó með þeim hætti að sveitarfélögin hafa lagt fundunum til húsnaði, haft innlegg í dagskrá og stundum boðið upp á kvöldverð eða móttöku ef slíkt hefur verið á dagskránni. Ekki er gert ráð fyrir annars konar kostnaði af hálfu sveitarfélagsins.

Jafnréttisstofa mun innheimta þátttökugjöld til að standa straum af útlögðum kostnaði t.d. við veitingar, aðkeypta fyrirlesara og annað tilfallandi.

Öll sveitarfélög landsins fá boð um að senda fulltrúa á landsfundinn. Oftast eru það fulltrúar úr þeim nefndum sem fara með jafnréttismál sem mæta sem og starfsfólk sem hefur með málaflokkinn að gera. Síðustu ár hefur einnig verið reynt að höfða til fulltrúa í sveitarstjórnunum. Þátttakendur í landsfundunum hafa gjarna verið á bilinu 40-60 talsins svo mikil sóknarfæri eru í að fá fleiri til þátttöku.

Hjálögð eru drög að fundartilhögun og dagskrá. Þiggi fjölskylduráð samstarfsboðið hefði það að sjálfsgöðu aðkomu að nánari dagskrárvinnslu sem og tækifæri til að vera með innlegg í dagskrána.

Með óskum um jákvæða undirtektir.

Virðingarfyllt,

Katrín B. Ríkarðsdóttir

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri

Jafnréttisstofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími: 460 6200 Netfang: jafnretti@jafnretti.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026